

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 1. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum (219. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á álagningarhlutföllum eftirlitsgjalds frá gildandi lögum.

Varla hefur þörf fyrir öflugt eftirlit með fjármálamálastarfsemi verið skýrari en í kjölfar þeirra hremminga sem fjármálakerfi landsins hefur farið í gegnum síðustu ár. Viðskiptaráð tekur undir að öflugt eftirlit sé nauðsynlegt svo hægt sé að halda uppi starfshæfum og trúverðugum fjármálamarkaði.

Það ber þó að varast að setja samansæm merki milli stórrar og fjárfrekrar eftirlitsstofnunar og öflugrar, varlega skal fara í fjármálum á þessum vígstöðvum sem öðrum. Nokkur breyting var gerð á álagningastofni eftirlitsgjald desember 2009 og er hér um töluverða prósentuhækkun að ræða frá þeirri hækkun. Umsvif og vinnuálag hefur aukist innan FME vegna atburða síðustu missera og rannsókna á þeim og eins og skýrt er frá í greinargerð með ofangreindu frumvarpi er gert ráð fyrir fjöldun starfsmanna umfram þá fjölgun sem þegar hefur átt sér stað. Hluti af þeirri fjölgun sem þar er vísað í er tímabundin og er því mikilvægt að við lok þess tímamarks fylgi álagningarstofn einnig breytingum sem gerðar eru á stofnunni. Þó verður að hafa í huga að álagning eftirlitsgjalds sé í samræmi við vinnutíma í hverjum málaflokki fyrir sig og að eftirlitsgjald sé til að svara auknu eftirliti á fjármálamarkaði sem er megintilgangur stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands